



Miðstig - Svona erum við

5.-7. bekkur



Grundaskóli
Akranesi

Miðstig



Svona gerum við

Á miðstiginu er leitast við að efla nemendur til sjálfstæðra vinnubragða, styrkja nemendur í að bera ábyrgð á eigin námi og efla sjálfsmynd þeirra. Lögð er áhersla á fjölbreytt vinnubrögð og er bókagerð oftast en ekki afraksturinn. Unnið er í einstaklings-, para- og hópavinnu. Einnig er unnið þvert á árganga og blandað innan hvers árgangs. Markmiðið er að efla samvinnu og tengsl á milli nemenda, að nemendur læri að vinna með ólíkum einstaklingum, að efla félagsfærni og leyfa fjölbreytileika innan nemendahópsins að njóta sín.

Leiðarljós Grundaskóla

Einkunnarorð skólans eru samvinna, traust og virðing. Við leggjum áherslu á að bæði nemendur og starfsfólk umgangist hvert annað af virðingu og vinskapi. Við leggjum mikið upp úr því að skapa notalegt andrúmsloft þannig að öllum geti liðið vel og teljum að það sé lykillinn að góðu starfsumhverfi og farsælu skólafarfa.

Uppeldi til ábyrgðar

Í Grundaskóla fylgjum við uppeldisstefnu sem ber nafnið: Uppeldi til ábyrgðar. Aðaláherslan er lögð á jákvæð samskipti og að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og aga. Auk þess er markmiðið að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum, geti lært af mistökum í samskiptum og þekki sína eigin styrkleika. Nemendur í 5. - 7. bekk vinna bókina, Óskaveröldina. Í bókinni eru unnin ýmis konar lífsleikniverkefni tengd Uppbyggingarstefnunni - Uppeldi til ábyrgðar og Hugarfrelsi s.s tengd sjálfsmynd nemenda, styrkleikum þeirra og samskiptum.

Hugarfrelsi

Unnið hefur verið með aðferðir Hugarfrelsis frá haustinu 2017. Hugarfrelsi er aðferð til að bæta líkamlega og andlega líðan barna í leik og starfi. Lögð er áhersla á að nýta djúpa öndun, slökun og hugleiðslu með nemendum til að auka vellíðan, einbeitingu og hugarró. Einnig er lögð áhersla á að nemendur komi auga á styrkleika sína, taki ábyrgð á eigin líðan með því að velja jákvæðni fremur en neikvæðni, taki ábyrgð á framkomu sinni og séu meðvitaðir um hvernig vinur þeir vilja vera.

Skipulag námsins

Á miðstigi hafa umsjónarkennarar árgangsins umsjón með flestum námsgreinum. Mikil áhersla er lögð á samvinnu milli bekkjardeilda jafnt sem árganga á stiginu. Við leggjum áherslu á ýmis konar þemavinnu og fjölbreytta samþættingu námsgreina. Enn fremur leggjum við mikla áherslu á einstaklingsmiðað nám og góða samvinnu ásamt því að auka sjálfstæði nemenda sem sífellt þurfa að takast á við aukna ábyrgð á eigin námi.

Þemavinnu

Unnin eru þemaverkefni á hverju skólaári. Markmiðið með þemavinnu er að brjóta upp hefðbundið skólafarfa og gefa nemendum tækifæri til að vinna við nýjar, fjölbreyttar og krefjandi aðstæður. Í þemavinnu fá nemendur líka tækifæri til að kynnast fleirum, þjálfra samstarf/samvinnu og kynnast nýjum og fjölbreyttari vinnuaðferðum. Meðal annars eru unnar bækur sem nemendur búa sjálfir til og fer sú vinna fram í samstarfi við list- og verkgreinakennara. Markmiðið er að skapandi vinna og sköpunargleði nemenda fái að njóta sín. Þegar þemavinnunni lýkur er foreldrum boðið að koma í skólann þar sem



afrakstur vinnunnar er sýndur. Þemaverkefni eru fjölbreytt og geta verið breytileg frá ári til árs. Sum verkefni halda sér frá ári til árs og eru það m.a. verkefni um landnámsmanninn Leif Eiríksson, Snorra Sturluson og bókina um Óskaveröldina.

List og verkgreinar

Í skólastarfi Grundaskóla er lögð áhersla á skapandi vinnu og verkefni með nemendum. Verkefnaval í list- og verkgreinum er oft í tengslum við bækur, þemavinnu og söguramma sem árgangar eru að vinna í hverju sinni. Þrisvar í viku fara nemendur af miðstigi í blönduðum hópum innan árgangsins í list- og verkgreinar, klukkutíma í senn. Nemendur eru á hverju svæði í fimm til sex vikur. Í list- og verkgreinum er boðið upp á smíðju, textílmennnt, tónmennt, tölur og tækni, myndmennt og heimilisfræði.

Vordagar

Í lok hvers skólaárs eru vordagar í Grundaskóla þar sem allir nemendur í 1.- 9. bekk taka þátt. Við skipulag vordaga er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda með fjölbreyttum kennsluháttum. Viðfangsefni eru margvísleg þar sem áhersla er lögð á útivist og ferðir um Akranes og nágrenni. Árgöngum er blandað saman til að nemendur kynnist innbyrðis. Vordagarnir eru ómissandi hluti af skólastarfinu.

Íþróttir og sund

Nemendur fara í íþróttir tvisvar í viku og sund einu sinni í viku. Nemendur eiga að koma með þægilegan fatnað til íþróttaiðkunar. Nemendur í 5. - 10. bekk mega vera í innanhússkóm. Í sundinu eru nemendur hvattir til þess að nota sundgleraugu og klæðast sundfatnaði sem hentar vel til æfinga. Við hvetjum nemendur okkar til þess að fara í sturtu eftir íþróttatímana. 1. bekkur fær 20 sundtíma að vori.

Lestur og lestraraðferðir

Við notumst við fjölbreyttar lestraraðferðir. Það er mikilvægt að nemandinn þekki ólíkar aðferðir sem geta hjálpað honum við að bæta lestrarfærni sína. Meðal þeirra aðferða er Orð af orði, þar sem markmiðið er að efla læsi, námsárangur og auðga málumhverfi nemenda. Nemendum er m.a. kennt að kortleggja aðalatriði, greina merkingu og inntak orða. PALS er lestraraðferð þar sem nemendur kenna/þjálfa hver annan á jafningjagrunðvelli. PALS er viðbót við hefðbundna lestrarkennslu þar sem nemendur vinna í pörum með mismunandi hlutverk. Lestur og tungumálið lærist þannig í gegnum virk og markviss samskipti barna. Við á miðstiginu erum tvisvar til þrisvar á ári með lestrarátök þar sem allt stigið tekur þátt.

Námsmat

Við leggjum áherslu á að námsmatið sé bæði fjölbreytt og leiðbeinandi fyrir nemendur. Upplýsingar um námsmat er að finna í Mentor. Reglulega er farið yfir námslega stöðu og líðan nemenda yfir skólaárið þar sem foreldrar/ forráðamenn eru boðaðir í viðtöl. Á miðstiginu er verið að vinna að breyttum áherslum í foreldraviðtölum þar sem nemendur taka meiri ábyrgð og stýra eigin viðtölum. Aðstandendur eru ávallt velkomnir í skólann.

Heimanám

Á miðstiginu er mikil áhersla lögð á daglegan lestur bæði upphátt og í hljóði.



Miðstig



Mikilvægt er að nemendur lesi bækur við hæfi. Lestrarfærni er forsenda annars náms og því er lögð áhersla á að nemendur nái góðri lestrarfærni sem þeir geti nýtt sér bæði til gagns og gamans. Annað heimanám er í samvinnu við kennara. Mikilvægt er að gott samstarf sé milli heimilis og skóla.

Heimanámskeið í lestri

Í boði eru heimanámskeið í lestri. Námskeiðin standa yfir í fjórar vikur og eru samvinnuverkefni foreldra, nemenda og kennara.

Markmið þeirra eru:

- Að veita foreldrum fræðslu svo þeir verði betur í stakk búnir til að aðstoða barn sitt í lestrarnáminu.
- Að efla lesfimi og lestrarhraða nemenda.
- Að efla vitund nemenda um eigin lestrarfærni og vekja með þeim metnað til að gera betur.

Foreldrasamstarf

Við tökum vel á móti foreldrum/forráðamönnum og viljum við að samstarfið sé gott á milli heimilis og skóla. Notast er við Spegilinn sem er dagbók sem gefin er út af skólanum í upphafi skólaárs. Speglinum er ætlað að efla upplýsingaflæði milli foreldra og skóla ásamt því að kenna nemendum að skipuleggja sig með hjálp dagbókarinnar. Auk þess senda kennarar tölvupóst reglulega til foreldra.

Stoðþjónusta

Grundaskóli starfar eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar. Í stoðþjónustu starfa þverfagleg teymi í samvinnu við umsjónarkennara. Í stoðþjónustunni eru sérkennarar, þroskajálfar, iðjubjálfari, námsráðgjafar og ráðgjafi. Boðið er upp á sérkennslu og stuðning við nemendur sem ekki fylgja námsframvindu sem getur talist eðlileg miðað við aldur, fá meiri stuðning og námsaðstoð eftir þörfum. Markmið stoðþjónustunnar er að styðja við nemendur, námslega og félagslega.

Tengslakönnun

Á hverju hausti taka allir nemendur miðstigs rafræna tengslakönnun og oftar yfir skólaárið ef þörf þykir. Tengslakönnun er tæki til að kanna félagstengsl nemenda og fá mynd af félagslegum tengslum í bekk og/eða árgöngum. Tengslakönnun getur gefið visbendingu um félagslega stöðu, vinsældir, höfnun, trygg sambönd, einelti o.fl. Þegar niðurstöður liggja fyrir er mikilvægt að grípa til aðgerða sem miða að því að bæta og auka tengsl einstaklinga í bekknum/hópnum. Hægt er að vinna með niðurstöður á bekkjarfundum, leyfa nemanda að sitja hjá ákveðnum bekkjarfélögum, hópavinna þar sem kennari býr til hópana, leikir og æfingar sem miða að því að auka traust og samvinnu.

Námskeið í félagsfærni og samskiptum

Í 6. bekk er tíu tíma stelpunámskeið þar sem áhersla er lögð á sjálfsmynd, samskipti og félagsfærni. Tímarnir er byggðir upp á umræðum og verkefnum tengdum samskiptum og sjálfsstyrkingu í bland við ýmsa leiki. Allar stelpurnar í árgangnum fara í gegnum þetta námskeið og á meðan eru umsjónarkennararnir með strákana í sambærilegri vinnu.

Í 7. bekk er námskeiðið „Samskipti stúlkna – leið til lausna“. Markmið námskeiðisins er m.a.;

- Að hjálpa stúlkum að bæta samskiptin sín á milli





- Að vinna með óæskilega hegðun og samskipti stúlkna
 - Að efla félagslega færni stúlkanna í samskiptum innbyrðis með því að vinna með æskilega og óæskilega hegðun.
 - Að gefa stúlkum tækifæri til að ræða saman um þau félaglegu skilaboð sem ætluð eru ungum stúlkum í dag, mikilvægi félagstengsla, sjálfvirðingar og félagslegrar samkenndar.
- Stúlkunum í árganginum er skipt í hópa og á sama tíma eru drengirnir með sínum umsjónakennurum.

Næring

Ætlast er til að nemendur komi með hollt og gott nesti að heiman. Ekki á að koma með drykki að heiman þar sem gott aðgengi er að vatni og þeim býðst til að kaupa mjólk. Tvisvar í viku er boðið uppá ávaxtastund. Skráning í hana fer fram á matartorg.is. Í hádeginu er boðið upp á heitan mat í mötuneyti skólans. Foreldrar hafa val um að skrá börnin sín í mat alla daga eða velja stakar máltíðir. Skráning fer fram á matartorg.is og þar er jafnframt að finna upplýsingar um þann mat sem í boði er. Lykilorð inn á matartorg er hægt að nálgast hjá ritara skólans.

Frímínútur

Á miðstiginu fara nemendur út í frímínútur daglega. Mikilvægt er að nemendur komi klæddir eftir veðri því að við förum alla daga út og leikum okkur.

Veikindi nemenda

Við viljum hvetja ykkur til að nota Mentor til að skrá veikindi barna ykkar. Það er mun fljótlegra þar sem mikið álag er á símanum fyrst á morgnana. Til þess að skrá veikindi er farið inn á fjölskylduvefinn á spjald barnsins, hægra megin efst. Undir ástundun er tengill sem á stendur, skrá veikindi. Mest er hægt að skrá tvo daga í senn. Þegar ritari skólans hefur mótttekið veikindaskráninguna, fá foreldrar sjálfkrafa senda tilkynningu til staðfestingar á skráningunni.

Leyfi nemenda

Foreldrar/forráðamenn geta ekki sótt um leyfi fyrir börn sín inni á Mentor. Þeir verða að tilkynna það til ritara. Ef um lengra leyfi er að ræða er mikilvægt að umsjónarkennari sé upplýstur og í framhaldinu þarf að sækja um leyfi og fylla út sérstakt eyðublað sem er hjá ritara á skrifstofu skólans. Nám nemenda í leyfum og öll sú röskun er kann að verða á því er á ábyrgð foreldra.

Ýmis verkefni á miðstiginu

ABC hjálparstarf

Nemendur í 5. bekk taka þátt í hjálparstarfi ABC á hverju ári með því að ganga í hús og safna fé. Tilgangur söfnunarinnar er að veita börnum sem búa við bág kjör varanlega hjálp í formi menntunar því menntun er mikilvægasti hlekkurinn í að rjúfa vítahring fátæktar.

Að breyta krónum í gull

Um árabíl hafa nemendur í Grundaskóla styrkt hjálparstarf Rauða krossins í Malaví. Upphafið að því má rekja til þess að nemendur skólans ákváðu að hætta að gefa hver öðrum jólagjafir á Litlu-jólunum en láta samsvarandi upphæð renna í söfnun til styrktar bágstöddum börnum í Malaví. Með



Miðstig



árunum hefur þessi söfnun öðlast æ stærri sess í skólastarfinu. Síðustu árin hafa nokkrir dagar verið lagðir undir þemavinnu þar sem búnir hafa verið til ýmis konar hlutir sem seldir eru á Malaví markaði sem haldinn hefur verið í skólanum. Enn fremur hafa nemendur fjallað um mannréttindi, fjölmenningu og gildi þess að láta gott af sér leiða. Nemendur í 7. bekk hafa haft umsjón með afgreiðslu og undirbúningi markaðarins.

Danaheimsókn

Lilleskolen í Odense koma ár hvert í heimsókn til nemenda í 7. bekk. Undirbúningur fyrir heimsóknina er stór þáttur í dönskunámi nemenda sem læra að vera gestgjafar og taka á móti erlendum nemendum. Markmiðið með heimsókninni er að nemendur kynnist annarri menningu og geti nýtt sér það sem þau hafa lært í dönsku. Nemendur okkar fara síðan með dönsku nemendum í dagsferð um Borgarfjörð.

Ferðir

Nemendur á miðstigi fara í margar ferðir sem tengjast m.a. þemaverkefnum hverju sinni, má þar nefna:

- Reykjaskóli: 7. bekkur fer í 5 daga námsferð að Reykjum í Hrútafirði. Í skólabúðunum er lögð áhersla á að auka samstöðu nemenda og sjálfstæði, að þeir kynnist nýju umhverfi og ólíkum lífsmáta ásamt því að auka athyglisgáfu nemenda. Einnig heimsækja nemendur Vísindasmiðju og Þjóðminjasafnið.
- Reykholt: 6. bekkur fer á slóðir Snorra Sturlusonar í Reykholti. Einnig fara nemendur í sjóferð en Faxaflóahafnir bjóða upp á sjóferð þar sem sjávarlíf í nágrenni Reykjavíkur er kynnt fyrir nemendum.
- Eiríksstaðir: 5. bekkur fer í dagsferð og kynnist sögu og staðháttum á fæðingarstað Leifs Eiríkssonar. Einnig fara nemendur í menningarferð til Reykjavíkur og heimsækja Þjóðminjasafnið og Árbæjarsafnið.



Göngum í skólann

Við í Grundaskóla höfum undanfarin ár tekið þátt í verkefninu Göngum í skólann. Verkefnið er ætlað að hvetja nemendur, foreldra og starfsmenn skóla til að ganga, hjóla eða nota annan virkan hátt til og frá skóla. „Markmið verkefnisins er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni“. Á lokadegi verkefnisins er skróðganga allra nemenda og starfsfólks sem endar í Akraneshöllinni þar sem fjölbreyttir leikir eru í boði. Á þeim degi eru einnig veitt verðlaun, Gullskórin en þau verðlaun hlýtur sá árgangur sem nýtir sér oftast virkan ferðamáta.

Jólaleikrit

Áralöng hefð er fyrir því að 7. bekkur taki þátt í að semja jólaleikrit ásamt kennurum skólans. Unnið er með söng, dans og tónlist ásamt framsögn. Leikritið er síðan sýnt fyrir nemendur skólans og á litlu jólunum í skólanum.

Skákmót

Skákmót er haldið á hverju ári í kringum dag skákarinnar. Undankeppni fer fram í bekkjum en lokakeppnin er þvert á árganga og að henni lokinni stendur uppi einn sigurvegari í drengja- og annar í stúlknaflökki. Mikill undirbúningur er fyrir skákmótið þar sem nemendur fá kennslu í skák.





Spurningarkeppni

Spurningakeppni úr völdum bókum er árlegur viðburður á miðstiginu í Grundaskóla. Í sumarbyrjun fá nemendur lista með bókum sem spurt verður úr. Bækurnar eru aðgengilegar á Bókasafni Akraness yfir sumartímann. Á haustin hefst keppnin. Keppt er á milli bekkja með útsláttarfyrirkomulagi. Þar sem 9 bekkir eru á stiginu keppa þrjú lið í hverri keppni í fyrstu umferð og sigurliðin komast áfram í næstu umferð ásamt stigahæsta tapliðinu. Í annarri umferð keppa tvö lið í tveimur keppnum og sigurliðin keppa að lokum til úrslita.

Keppt er í hraðaspurningum, bjölluspurningum, vísbendingaspurningum og allir saman.

Upplestrarkeppni grunnskólanna á Akranesi

Nemendur í 7. bekk taka ár hvert þátt í upplestrarkeppni sem hefst á degi íslenskrar tungu. Markmiðið er að efla lestrarfærni og framsögn hjá nemendum. Haldin er bekkjakeppni í báðum grunnskólunum á Akranesi þar sem sex nemendur úr hverri bekkjardeild eru valdir til þátttöku í undankeppni sem fram fer á sal skólans. Nemendum úr 6. bekk er boðið að fylgjast með en í undankeppninni eru valdir sex nemendur úr hvorum skóla sem fara í lokakeppnina sem haldin er haldin hátíðleg í Tónbergi. Foreldrum og nemendum er boðið að fylgjast með en í lokin eru valdir sigurvegarar Brekkubæjarskóla og Grundaskóla.

Útvarp Akranes

Á hverju ári tekur 5. bekkur þátt í Útvarpi Akraness með níutíu mínútna langa dagskrá sem ætlað er að gefa innsýn í skólastarfið. Umsjón með útvarpinu hefur Sundfélag Akranes.





SAMVINNA - TRAUST - VIRÐING

